

um varnir gegn slyshættu á fiskiskipum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr slyshættu á fiskiskipum, fyrst og fremst á nýjum gerðum skipa.

#### Greinargerð.

Síðustu ár hefur orðið mikil aukning og endurnýjun á fiskiskipaflota þjóðarinnar, og hafa verið tekin í notkun skip af nýjum gerðum og með ný tæki, þar á meðal skuttogarar. Sjómenn okkar hafa sjaldan eða aldrei fengið aðlögunartíma eða sérstaka þjálfun í störfum á hinum nýju skipum, heldur hafa þau verið send til veiða umsvifalaust.

Því miður hefur komið á daginn, að margvíslegar slyshættur eru á hinum nýju skipum, og hafa orðið tíð og alvarleg slys á þeim. Er ástæða til að gefa þessu máli sérstaklega gaum, því að margt er hægt að gera til að draga úr þessum nýju hættum og forða sjómönnum frá slysum.

Sjómannasamband Íslands fjallaði ítarlega um þetta mál á þingi sínu nú fyrir skömmu. Í ályktun, sem það gerði um málið, „harmar þingið hin tíðu og alvarlegu slys, sem orðið hafa á hinum nýju skuttogurum, og gerir kröfu til þess, að markvisst verði unnið að því að draga úr slyshættu á skipum þessum, ekki síst þeirri, sem stafar af mannlegum mistökum.“

Í ályktun sambandsins segir enn fremur:

„Sé það gert m. a. með því, að þeir aðilar, sem þetta varðar, taki saman höndum til lausnar þessu vandamáli.

Sérstaklega er þessu beint til sjóslysanefndar og þeirra aðila, sem að henni standa, einnig Fiskifélags Íslands, stýrimannaskólanna og Öryggiseftirlits ríkisins.

Þau atriði, sem þingið vill sérstaklega benda á í þessu sambandi, eru eftirfarandi:

Að rannsókn sjóslysa verði flýtt sem kostur er á og niðurstöður sendar sjóslysanefnd.

Að fræðsla meðal skipshafna um orsakir slysa verði stórauðin, þ. á m. í fjölmiðlum eins og hljóðvarpi og sjónvarpi.

Að koma upp í skipunum leiðbeiningum í myndun og lesmáli til að forðast slys.

Að halda fyrirlestra yfir skipshöfn með fræðslumyndum, áður en skip hefja veiðar.

Að þýða og dreifa meðal skipshafnanna leiðbeiningum, sem samdar hafa verið hjá nágrannaþjóðum okkar um hvernig slysum á skuttogurum verði varist.

Að taka upp virka fræðslu í stýrimannaskólunum meðal nemenda um þessi mál og efna til námskeiða fyrir eldri skipstjóra og stýrimenn um öryggis- og slysa-varnarmál á þessum skipum sem öðrum.

Að fordæma með öllu svo mikla fækkun skipverja, að stjórnandi skips verði að grípa inn í svo mörg ábyrgðarmikil störf, að ekki verði við ráðið fyrir einn mann.

Þingið bendir enn fremur á, að ef sú sókn á að haldast á erfiðustu fiskimið heims, sem hefur gert íslenska fiskimenn hina afkastamestu í heimi, en um leið með langhæsta slysa- og dánartölu allra starfsstétta hér á landi, verði þjóðin að verja af sameiginlegu aflafé sínu nauðsynlegu fjármagni til slysa- og öryggismála sæfarenta.

Þá telur þingið einnig, að lögbinda eigi ákvæði þess efnis, að allar trygginga-upphæðir og bætur sjómanna, þ. á m. úr lífeyrissjóðum þeirra, verði verðtryggðar og aukinn kostnaður vegna þess greiddast úr ríkissjóði.“